

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

CÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Velheppnuð heimkomuhátíð

— sjá bls. 8.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 9. apríl 2015 · 14. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak

Líf og fjör
á Aldrei fór
ég suður!

— sjá bls. 6 og 7.

VARAHLUTIR OG
ANNAD SEM ÞARF
FYRIR BÍLINN

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

— NYTT Á SUBWAY —

Elskaðu spínat

— GRÆNA BYLTINGIN —

Nú getur þú sett spínat
á bátinn þinn - frítt

Spínat er
á bóðstólum
í takmarkaðum
tíma

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Góðir skíðapáskar

Það voru sannkallaðir skíðapáskar á Ísafirði og er Gautur Ívar Halldórsson, forstöðumaður skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar, ánægður með hvernig til tókst. „Það var opið alla daga og þúsund manns á skíðum á fimmtudag og föstudaginn langa og á milli fimm og sex hundruð manns á laugar- dag. Allir viðburðir á skíðasvæði-

inu gengu vel og næg þátttaka í flestum þeirra. Páskarnir gengu mjög vel,“ segir Gautur Ívar. Skíðavikan var sett á miðvikudag á Silfurtorgi og þá var einnig keppt í sprettgöngu CraftSport. Meðal annarra viðburða á skíðasvæðinu má nefna skíðaskotfimi, furðufatadag, páskaeggjamót, garpamót og fjöl-

skyldudag á göngusvæðinu. Eitt slys var á skíðasvæðinu þegar skíðamaður fótbrotnaði. Skíðasvæðið verður opið í þrjár vikur í viðbót og lokar sunnudaginn 26 apríl. „Við förum fljótlega að huga að frágangi og svo tekur við undirbúningur fyrir Fossavatnsgönguna,“ segir Gautur Ívar. – smari@bb.is



Hótelstjórnarnir og hjónin Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og Daníel Jakobsson.

Opnar eftir yfirhalningu

Það var stór dagur á miðvikudag í síðustu viku hjá eigendum og starfsmönnum Hótelis Ísafjarðar. Frá því í haust hafa staðið yfir miklar framkvæmdir á þriðju og fjórðu hæð hótelsins og fór hótelid aftur í rekstur á skírdag eftir að hafa verið lokað fyrir gistingu í vetur. „Það er búið að taka algjörlega í gegn 22 af 36 herbergjum á hótelinu og ekki nein herbergi lengur í uppruna-

legri mynd og öll herbergi hótelsins af nokkuð háum standard,“ segir Daníel Jakobsson hótelstjóri. Hann segir framkvæmdirnar vera fyrsta stóra áfanga í endurbyggingu hótelsins. Í næsta áfanga á að taka fyrstu hæðina í gegn og segir Daníel að í skoðun sé að stækka fyrstu hæðina með viðbyggingu í áttina að Silfurtorgi.

Bókanir líta mjög vel út næstu

mánuði. „Það er meira og minna fullt frá og með morgundeginum og fram í september. Það er eitt-hvað rólegra á virku dögnum í apríl og maí. Við erum búin að bóka meira núna heldur en við seldum í fyrra. Bæði í fyrra og hittifyrra voru september og október ágætir mánuðir þannig að ferðamannatímabilið er tvímælalaust að lengjast,“ segir Daníel. – smari@bb.is



Opnar ferðaskrifstofu í Neista

Ferðapjónustufyrirtækið Wild Westfjords opnar skrifstofu í Neista á Ísafirði innan skamms. „Þetta verður söluskrifstofa fyrir almenning til að bóka ferðir. Það er ekki komin dagsætning á opnunina en það verður í maí,“ segir Halldór Pálmi Bjarkason, sem á fyrirtækið með eiginkonu sinni, Preeti Bhide. Fyrirtækið var stofnað í ársbyrjun 2012 og komandi vertíð er því sú fjórða sem fyrirtækið er starfandi.

Wild Westfjords er aðallega

að selja ferðir fyrir önnur ferðapjónustufyrirtæki, mest á Vestförðum en einnig um allt land. „Við erum líka með eigin ferðir. Eigum tvo jeppa og erum með jeppaferðir, bæði dagsferðir og lengri ferðir,“ segir Halldór Pálmi. Eftir þrjú sumur í ferðamannabransanum segir hann að það megi merkja greinilega aukningu á ferðamannastraumi til Íslands. „Það er mikil aukning og sumarið lítur vel út,“ segir hann.

– smari@bb.is

„Þú verður að vita hvar þú stendur“



Góð yfirsýn er grunnurinn að góðri fjárhagsstöðu. 360° ráðgjöf er þjónusta þar sem farið er yfir fjármálin þín frá öllum hliðum; lán, sparnað, tryggingar, stöðuna í dag og framtíðarmarkmið.

Kynntu þér 360° ráðgjöf á landsbankinn.is/360.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Þið gefið laxinum að éta!

Það virðist allt á eina bókina lært hvað fyrirtæki á landsbyggðinni varðar, þar sem sóst er eftir aðstöðu, sem ekki er í boði á hverju strái, líkt og við á um fiskeldi í fjörðum Vestfirðanna. Það vita allir, sem vilja vita, að síðan Vestfirðingar sátu eftir með sárt ennið, trúandi að gjafakvótakerfið yrði ekki lögfest, og þar af leiðandi ekki tekið þátt í darraðardansinum, hafa sjávarþorpin á kjálkanum búið við erfiðar aðstæður, atvinnulega. Uppákomurnar á Fateyri og Þingeyri eru öllum kunnar. Það vantar ekki að sitthvað hefur komið upp þegar Vestfirðateningnum hefur verið kastað, þótt flest hafi einhvern veginn horfið í gleyskunnar dá. Sjálfkrafa hafa öll stærri atvinnutækifæri, háð mikilli og tryggri raforku, afskrifast. Ástæðan er kunn. Gæðastimpil rafmagns á Vestfirðum er þriðji flokkur. Úr því sem komið er verða Vestfirðingar því að halda vel utan um sitt, spila vel úr þeim spilum sem á hendi kunna að vera.

Lengi er von á einum. „Fiskeldi er vaxandi grein á Íslandi og hún er hvað öflugust á Vestfirðum.“ Svo orðaði Fiskistofustjóri það á sínum tíma og bætti við að því, „væri rökrétt niðurstaða að byggja upp fiskeldisstöð fyrir vestan.“ Ekki meira að sinni, um þann þátt.

Vissulega hefur miðað í þá átt að gera Vestfirði að bækistöð fiskeldis í sjó. Og eðlilega hafa Vestfirðingar, ekki síst á suður fjörðunum, tekið þessu opnum örmum og tengt miklum vonun. Grunlaust hafa sveitarstjórnarmenn og fjölskyldurnar, sem fluttust til Patreksfjarðar tekið það sem sjálfsagðan hlut að öll sú vinna sem fiskeldi Fjarðalax leiddi af sér, færi fram fyrir vestan. Nú hefur snurða hlaupið á þráðinn. Nú segja forsvarsmenn fyrirtækisins að vinnslan á Patreksfirði ráði ekki við verkefnið og hún lögð niður. Framtíðarstaðsetning fæst ekki upp gefin. Huggun framkvæmdastjóra Fjarðalax til heimamanna er að öll vinna við kvíarnar verði áfram á Vestfirðum! Meira en lítið hugmyndaflug þarf til að láta sér annað til hugar koma, nema eigendur bregði bandi á kvíarnar og dragi þær suður. (Í hagræðingarskygni?) Sú skoðun er reyndar uppi að það eitt ætti að vera í boði fyrir þá. Þeir geti bara hirt sitt hafurtask, svo aðrir komist að, sem vilja sinna þessu, staðbundið: Skilaboðin um vinnuna við kvíarnar eru skýr: Þið haldið bara áfram að gefa laxinum að éta?

Það verður að liggja skýrt og klárt fyrir að aðstaða til fiskeldis í skjóli vestfirskra fjarða verður að vera skilyrt eldi og vinnslu frá á til ö. Það gengur ekki að aðstaðan sé nýtt af leyfishöfum til þess eins að fleyta rjómann. Vestfirðingum veitir ekkert af því að möguleikarnir sem sem felast í einstakri náttúru Vestfirðakjálkans nýtist þeim sjálfum.

s.h.

Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á yfirbyggt fjölnota íþróttahús á Torfnesi?

Alls svöruðu 418.

Vel sögðu 196 eða 47%

Illu sögðu 143 eða 34%

Hlutlausir voru 79 eða 19%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Uppbyggingarsjóður Vestfirðanna stofnaður

Stofnaður hefur verið nýr Uppbyggingarsjóður Vestfirðanna sem rekin er innan vébanda sóknarætlunar landshlutans og er í umsjá Fjórðungssambands Vestfirðinga. Sjóðurinn tekur við hlutverki Menningarráðs Vestfirðanna og Vaxtarsamnings Vestfirðanna og veitir styrki til menningarverkfna, atvinnuþróunar- og nýsköpunar. Uppbyggingarsjóður er hluti af samningi ríkis og Fjórðungssambands Vestfirðinga um Sóknarætlun Vestfirðanna 2015-2019 sem undirritaður var 10. febrúar síðastliðinn. Í vor verður í fyrsta skipti úthlutað úr sjóðnum og er umsóknarrestur til og með 30. apríl. Til ráðstöfunar í úthlutun eru um það bil 60 milljónir að þessu sinni, sem er svipuð upphæð og úthlutað var á grundvelli menningar- og vaxtarsamninga á síðasta ári.

Veittir verða stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana, verkefnastyrkir til menningarmála og verkefnastyrkir til at-

vinnuþróunar- og nýsköpunarverkfna. Nýbreytni er að hægt er að sækja um stærri styrki til lengri tíma en áður, allt að þremur árum. Skila verður umsóknum á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna ásamt frekari upplýsingum og úthlutunarræglum á vef Fjórðungssambands Vestfirðinga – www.vestfiridir.is. Samþykkt hefur verið að árið 2015 verði litið sérstaklega til verkefna sem uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

a) Verkefni sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu og stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja sem byggja á nýsköpun, einnig vöru- og gæðapróun í starfandi fyrirtækjum

b) Verkefni sem stuðla að nýsköpun, fjölbreytni og aukinni fagmennsku í menningarstarfi

c) Verkefni sem fjölga eða styðja við atvinnutækifæri á sviði lista og menningar

d) Verkefni sem efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu

e) Verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu

f) Verkefni sem skapa viðskiptatækifæri og verðmæti á sviði skapandi greina

g) Verkefni sem skapa störf fyrir háskólamenntaðar konur eða stuðla að fjölbreyttari atvinnutækifærum fyrir ungt fólk á svæðinu

h) Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni sem auka útflutningstekjur eða eru gjaldveyrisskapandi

i) Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á sviði líftækni

j) Verkefni sem byggja á samstarfi fyrirtækja og rannsóknaraðila, þ.m.t. háskólastofnana

Hægt er að hafa samband og senda umsóknir rafrænt á netf. uppygging@vestfiridir.is.

Starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga veita ráðgjöf við gerð umsókna í Uppbyggingarsjóð og sama gildir um starfsmenn AtVest.



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfirðanna á Ísafirði.

Lægri orkureikningar

Um mánaðarmótin hækkaði jöfnunargjald ríkissjóðs á dreifingu raforku í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfirðanna úr 1,55 kr/kWh í 2,17 kr/kWh. Þá verður einnig innheimt „jöfnunargjald“ sem nemur 0,20 kr/kWh frá og með sama tíma. Jöfnunargjaldið er innheimt bæði í þéttbýli og dreifbýli og rennur í ríkissjóð til að mæta kostnaði við jöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis. Af þessum sökum lækkar hver kWh í dreifbýli um um 0,42 kr. Aðteknun til milli virðisaukaskatts lækkar

hver kWh til almennra nota um 0,52 kr. og til húshitunar um 0,47 kr.

Að ári liðnu verður síðan loka-skræfið stigið og verð fyrir dreifingu raforku í dreifbýli jafnað til fulls við það verð sem hæst er í þéttbýli. Niðurgreiðslur ríkissjóðs til hitunar íbúðarhúsnæðis eru einnig auknar. Í dreifbýli hækkar rafhitaniðurgreiðslan frá ársbyrjun úr 4,95 kr/kWh í 5,40 kr/kWh. Í þéttbýli hækkar rafhitaniðurgreiðslan frá ársbyrjun úr 3,61 kr/kWh í 4,02 kr/kWh.

Hjá kynntum hitaveitum hækkar niðurgreiðslan frá ársbyrjun úr 2,90 kr/kWh í 3,06 kr/kWh. Ef tekið er dæmi af íbúðarhúsi sem notar 40.000 kWh á ári, 6.000 kWh til almennra nota og 34.000 kWh til upphitunar lækkar árlegur orkukostnaður sem hér segir:

Í dreifbýli lækkar árlegur orkukostnaður um 35.959 kr. Í þéttbýli með rafhitun lækkar árlegur orkukostnaður um 6.437 kr. Í þéttbýli með kyntri hitaveitu lækkar árlegur orkukostnaður um 4.550 kr.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS B

GOTT VERÐ Í BONUS GOTT VERÐ Í BONUS



Nautaveisla Nautgripahakk ferskt



Nautaveisla Nautgripahamborgarar 4 stk. ferskir með brauði.



Nautaveisla Hamborgarar 2 stk. 140g



ÍSLANDSLAMB Grill lambasirloin



Norðanfiskur Íslenskur lax í bitum (frosinn)



Norðanfiskur Íslensk bleikja í bitum, beinhreinsuð m.roði (frosin)



Norðanfiskur Þorskbítar roð og beinlausir (frosnir)



BÓNUS BBQ Grill-grisakótilettur



Bónus EPLASAFI 1 ltr.



TIGI BED HEAD Töskur 3 x 75ml



Gull Bitafiskur (Þorskur) 200g



Bónus Bacon/beikon



Bónus Samlokuskinka 237g



Bónus PEPPERONI box 153g



Kolsýrt vatn

BONUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu Gilda a.m.k. til 12.apríl

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



Vel heppnuð tónlistarhátíð að baki

Það var gott hljóð í Birnu Jónasdóttur rokkstjóra að lokinni tólfstu Aldrei fór suður tónlistarhátíðinni. „Þetta heppnaðist mjög vel og gott hljóð í öllum sem ég hef heyrt í, hvort sem það eru gestir hátíðarinnar, lögreglan, gæslan á tónleikastaðnum eða vertar í bænum,“ segir Birna. Að

kvöldi föstudagsins langa voru tónleikar í Ísafjarðarkirkju sem voru mjög vel sóttir komust færri að en vildu. Sama sagan var í Ísafjarðarbíói á föstudaginn langa, bíóið var troðfullt af grínþyrstum gestum á grínbræðingi Aldrei fór suður. Þar sem ekki eru seldir miðar á Aldrei fór ég

suður er erfitt að áætla fjölda gesta á tónleikunum. „Þegar mest var, þegar Mugison og Valgeir Guðjónsson voru að spila voru held ég á bilinu tvö til þrjú þúsund manns á svæðinu,“ segir hún.

Gerðar voru breytingar á hátíðinni á með því að hafa skemmu-tónleika eitt kvöld og áður nefnda

kirkjutónleika að kvöldi föstudagsins langa. Birna segir að breytingarnar hafi heppnast vel að mati aðstandenda Aldrei fór ég suður. „Það sem ég hef heyrt er bara mjög jákvætt og þessar breytingar lögðust vel í fólk. Þegar rykið fer að setjast förum við yfir þessar breytingar og

sjáum hvort að þær verði til fram-búðar eða jafnvel prófað eitthvað nýtt á næsta ári. Mér fannst mjög gaman að sjá hvað það var mikið líf um allan bæ á fimmtudags- og föstudagskvöld og það er eitthvað sem ég vil halda í,“ sagði Birna Jónasdóttir, rokkstjóri Aldrei fór ég suður.

Sælkeri vikunnar er Hrafnhildur Ýr Elvarsdóttir frá Ísafirði

Karrísteikur þorskur í grænbaunasósu

Okkur finnst við hæfi að finna uppskriftir sem við höfum rekist á eftir að við fluttum til Noregs. Helst hefði verið tilvalið með sér norskar uppskriftir en pinnakjöt, rak og lútfisk er erfitt að finna á Íslandi. Við viljum því gjarnan deila með ykkur á fróni góðri fiskuppskrift sem við höfum notað mjög mikið og í eftirrætt bjóðum við upp á uppskrift að „verdens beste“ köku (að mati Norðmanna) sem er ein af þjóðarkökum Norðmanna og er bökud við flest öll tilefni.

Karrísteikur þorskur í grænbaunasósu

4 dl kjúklingakraftur
1 laukur
2 hvítlauksgeirar
350 gr. freðnar grænar baunir
Salt og pipar
700 gr. spínat
500 gr. þorsklök
Salt
Karrí
Cheyanpipar

Sjóða saman kraft með fín-

söxuðum lauk og hvítlauk. Setja baunirnar útí og sjóða. Setja í blandara eða nota töfrasprota til að mauka sósuna. Smakkið til með salti og pipar. Kryddið þorsklökin með salti, karrí og cheyanpipar. Brúnið fiskinn á pönnu (með smjöri). Snúið og steikið á hinni hliðinni í ca 2 mín. Hitið upp baunasósuna og blandið spínatinu útí, setjið sósuna á disk og fiskinn ofaná. Berist fram með sýrðum rjóma eða hreinni jógúrt.

Verdens beste kaka

Botninn:

100 g Smjör
100 g Sykur
4 Eggjarauður
100 g Hveiti
1,5 tsk Lyftiduft
1,5 tsk Vanillussykur
4 matsk. Mjól.

Smyrjið plötu (30x40cm) og leggið á bökunarpappír (pappírinn verður að ná aðeins upp fyrir kantana því kakan lyftir sér mikið), smyrjið pappírinn. Hræið mjög vel saman sykur og smjör, blandið eggjarauðum útí.

Setjið lyftiduft og vanillussykurinn í hveitið og sigtið í blönduna, setjið hveitiblönduna og mjólkina útí til skiptis. Smyrjið deiginu jafnt á plötuna

Marengs:

4 eggjahvítur
175 g sykur
ca 75g hakkaðar möndlur

Stífpeytið eggjahvítturnar, blandið sykri við smám saman þangað til blandan verður mjög stíf. Smyrjið marengsblöndunni yfir deigið á plötunni og stráðið hökk-uðum möndlum yfir. Bakið í miðjum 175°C heitum ofni í ca 25 mín.

Krem:

1pk vanillúsósuduft
2 matsk. sykur
3 dl mjólk
2 plötur matarlím (bleyttar í köldu vatni í 10 mínútur.
0,25 dl sjóðandi vatn
1,5 dl rjómi.

Blandið duftinu, sykrinum og mjólk í pott. Hræið til suðan kemur upp. Bleytið matarlíms-



plöturnar í köldu vatni í 10 mín. Kreystið af þeim vatnið, setið í skál og hellið sjóðandi vatni yfir. Hræið þangað til matarlímið hefur leysts upp. Blanið matarlíminu í vanillúsósublönduna. Kælið. (Auðvelda leiðin til að gera krem: 5dl tilbúið vanillukrem og 3dl rjómi. Stífpeytið rjómann og blandið kreminu varlega útí).

Skerið kökuna í tvo jafn stóra parta, setjið krem á annan partinn og hinn partinn yfir og njótið.

Við í Lærdal höfum reiknað út að við Íslendingarnir erum ca

1,8% af 2.146 íbúum. Ég ætla því að halda áskoruninni innan Lærdal því hér eru margir Ísfirðingar (enda ekki að ástæðulausu að ég þori ekki að koma „heim“ í heimsókn). Ég ætla að skora á sambýlingana og frænkurnar Hall-dóru Karlsdóttir og Agnesi Ásgeirsdóttir að vera næstu sælkerar BB og vona að þær haldi áskoruninni innan Lærdal svo allir Ísfirðingarnir hér geti látið ljós sitt skína sem sælkeri vikunnar.

Bestu kveðjur til allra frá okkur.





Velheppnuð heimkomuhátíð

Heimkomuhátíðin sem haldin var í Vestrahúsinu á Ísafirði á laugardag var fjölsótt og tókst mjög vel að mati Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara Ísafjarðarbæjar, sem hafði veg og vanda að skipulagningu hátíðarinnar. Ríflega 30 fyrirtæki og

stofnanir kynntu starfsemi sína og sömuleiðis voru haldnir örfyrirlestrar þar sem fyrirtæki og frumkvöðlar sögðu frá áhuga-verðum verkefnum sem eru í vinnslu. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti hátíðina. „Þetta fór fram úr mínum



björtustu vonum og það er sömuleiðis mál þeirra sem ég hef heyrt í. Mætingin var mög góð og það

var ánægjulegt að sjá hvað fyrirtæki og stofnanir lögðu sig fram um að gera þetta vel. Við eigum

ótrúlega margt hæfileikaríkt fólk hérna fyrir vestan,“ segir Þórdís Sif. – smari@bb.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,

Sigríðar Tómasdóttur
frá Grunnavík

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fyrir hlýju og góða umönnun.

Fríðrik Jóhannsson, Sigurórr Sigurðardóttir
börn og fjölskyldur þeirra

Gullæði

Hátíðin Aldrei fór ég suður hefur sannað gildi sitt og vakið athygli á því sem brýnast er framundan í ferðapjónustu næstu ára. Nú er svo komið að á síðasta ári gaf sjávarútvegur af sér 240 milljarða íslenskra króna í gjaldeyri og ferðapjónusta vegna erlendra gesta 300 milljarða. Ferðapjónustan er því orðin leiðandi gjaldeyrisaflandi og hefur slegið fiskinum við sem lengi hefur verið ein traustasta stoðin við öflun erlends gjaldeyris. Þessi staðreynd vekur til umhugsunar. Hvert ætlum við Íslendingar á þessari braut? Fyrsta svarið sem í hugann kemur er einfaldlega að við höfum ekki um það græna glóru. Tónlistarhátíðin ísfirka er nefnd af þeirri ástæðu að hún byggir tilvist sína á afþreyingu, því að hafa ofan af fyrir gestunum og skemmta þeim. Vissulega koma margir til þess að fara á skíði og jafnvel til náttúruskoðunar, en skemmtunin dregur að.

Hlegið var að þjóðskáldinu Einari Benediktssyni þegar hann „seldi“ norðurljósin. En nú eru þau helsta söluvaran til útlendra gesta að vetrinum. Sá kostur fylgir því að selja norðurljósin að þau bera ekki mikinn sjáanlegan skaða af sölu-mennskunni. Hið sama er ekki uppi á teningnum varðandi

aðra náttúru sem úlenskum ferðamönnum er seld á Íslandi. Þeir sem eru svo lánsamir að hafa virt fyrir sér helstu náttúruperlur Íslands fyrir áratug eða fyrr verða afar hissa og vonsviknir við komu á þekktu og vinsæla viðkomustaði útlendinga á Íslandi árið 2015. Segja mætti að sumir þeir vinsælustu væru vart svipur hjá sjón. Þingvellir eru á hraðri leið að verða útvaðið svað og hið sama er að finna við Gullfoss og einkum Geysi.

Meðan allir vilja græða og gullæði hið nýja hefur náð tökum á allt of mörgum lætur landið mjög á sjá. Ef til vill ættum við Vestfirðingar að vera glaðir yfir því að ekki skuli fleiri útlenskir ferðamenn leggja leið sína til Vestfjarða. Landið og náttúran skaðast ekki mikið á meðan. Því miður virðist hugmynd iðnaðarráðherra um náttúrupassa vera bæði misheppnuð og náttúrulaus. Ferðapjónustan vill ekki passa upp á náttúruna, þótt hinir náttúrulausu myndu gjarnan vilja veifa slíkum passa við réttu tækifærin. Eina færa leiðin virðist sú að ferðapjónustan greiði fyrir not af náttúrunni líkt og sjávarútvegur gerir nú. Takmarka þarf aðgang að þeim stöðum sem verst hafa orðið úti líkt og gert er í öðrum löndum. Annars verður gullæðið bara tíma-bundið æði og fáir munu njóta arðsins.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak-ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif-um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Frystiklefinn á Rifi hlaut Eyrarrósina

Frystiklefinn á Rifi hlaut Eyrarrósina sem veitt er fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta var í ellefta sinn sem viðurkenningin er veitt, en hana veita Bygðastofnun, Flugfélag Íslands og Listahátíð í Reykjavík. Viðurkenningin var veitt á laugardag um borð í bátum Húna II sem lá við bryggju á Ísafirði. Meðal viðstaddra voru hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Dorrit Moussaieff forsetafrú sem er verndari Eyrarrósarinnar og afhenti Kára Viðarssyni, eiganda og framkvæmdastjóra Frystiklefans verðlaunin.

Þau þrjú framúrskarandi verkefni sem kepptu um Eyrarrósina í ár, Frystiklefinn, Listasafn Árnesinga og Sköpunarmiðstöðin Stöðvarfirði. Hvert þeirra hlaut flugmiða frá Flugfélagi Íslands og peningaverðlaun. Frystiklefinn fékk í verðlaun kr. 1.650.000. Frystiklefinn á Rifi er menningarmiðstöð og listasafnaðsetur þar sem haldnir eru menningar- og sögutengdir viðburðir allt árið um kring. Markmið Frystiklefans er að stuðla að auknu framboði og fjölbreytni í menningarlífi á Vesturlandi, auka þátttöku bæjarbúa og gesta í menningar- og listviðburðum og að varðveita, nýta og miðla sagnarfi Snæfellinga.

Í Listasafni Árnesinga fer fram metnaðarfullt sýningarhald. Að jafnaði eru settar upp fjórar til sex sýningar á ári. Áherslan í sýningarhaldi og meginmarkmið safnsins er að efla áhuga, þekkingu og skilning á sjónlistum með sýningum, fræðslu, umræðu og öðrum uppákomum sem samræmast kröfu safnsins um metnað, fagmennsku og nýsköpun.



Frá afhendingu verðlaunanna um borð í Húna II.



Gísli Halldór Halldórsson, bauð gesti velkomna.

Árið 2011 var farið af stað með Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði. Hugmyndafræði miðstöðvarinnar byggir á sjálfbærni og að nýta samlegðaráhrif skapandi einstaklinga og verkstæða. Með því skapast aðstæður þar sem þekkingarmiðlun og samvinna á sér stað milli greina með tilheyrandi nýsköpun með það að markmiði að til verði áhugaverð störf skapandi greina.

Eyrarrósina er veitt árlega framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Bygðastofnunar. Markmið hennar er að beina sjónum að og hvetja til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista. Að verðlauninum standa Bygðastofnun, Flugfélag Íslands og Listahátíð í Reykjavík.



Áhöfnin á Húna II tók lagið fyrir viðstadda.

300 þúsund króna lágmarkslaun

– atkvæðagreiðsla
um verkfall hefst
aftur mánudaginn
13. apríl



Starfsgreinasamband
Íslands

www.sgs.is



Sportið í beinni...

Föstudagur 10. apríl

kl. 18:40 Brighton - Bournem.

Laugardagur 11. apríl

kl. 11:45 Swansea - Everton

kl. 14:00 Sunderl.- Crystal P

kl. 14:00 WBA - Leicester

kl. 14:00 Tottenham - Aston V

kl. 14:00 West Ham - Stoke

kl. 14:00 South.pton - Hull

kl. 14:00 Real Madrid - Eibar

kl. 16:30 Burnley - Arsenal

kl. 18:00 Sevilla - Barcelona

Sunnudagur 12. apríl

kl. 15:00 Man. Utd - Man. City

Mánudagur 13. apríl

kl. 19:00 Liverpool - Newcastle

Þriðjudagur 14. apríl

kl. 18:45 Juventus - Mónakó

kl. 18:45 Athl. M. - Real M.

Miðvikudagur 15. apríl

kl. 18:45 PSG - Barcelona

kl. 18:45 Porto - Bayern M

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

9. apríl 1942: Norska skipið Fanefeld fórst á leið frá Bíldudal til Ísafjarðar og með því 24 menn, þar af tveir íslenskir ríkisborgarar.

10. apríl 1990: Boeing þota af gerðinni 757-200, sú fyrri af tveimur sem Flugleiðir festu kaup á, kom til landsins. Henni var gefið nafnið Hafdís.

11. apríl 1970: Minkarækt hófst að nýju hér á landi þegar 900 læður komu með flugvél frá Noregi og fóru í minkabú á Kjalarnesi.

12. apríl 1919: Átján manns létu lífið í snjóflóðum við Siglufjörð. Eitt flóðið eyðilagði síldarverksmiðju sem talin var ein sú fullkomnast hérlandis.

13. apríl 1844: Jón Sigurðsson var kosinn á þing í fyrsta sinn á kjörfundi sem haldinn var á Ísafirði. Hann hlaut 50 atkvæði af 52.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Vaxandi NA átt með snjókomu eða slyddu. Hiti um frostmark við sjóinn.

Horfur á laugardag:

Hvöss norðanátt og úrkomulítið vestantil. Lægir og styttr upp um kvöldið. Kólnandi.

Horfur á sunnudag:

Hægt vaxandi sunnanátt og hlýnar í veðri, 10-18 m/s um kvöldið með rigningu.

Krossgátan

				FJÖLDINN ALLUR	ÞÁTT-TAKANDI	GERÐ	FIMM	ÓÐ	SETJA	SVELG
	FÆÐA									
	SÆLINDÝR						TILLAGA KJÖT-STYKKI			
	GÖNGULAG							Í RÖÐ GNÝR		
	BLIKA									STRITA
	↓	KÝRAUGA	GELT	TVEIR EINS DÝRA-HLJÖÐ		HÓLMI BORGARÍS			BRASKA	
BLEYTU-KRAP						STAGA INN-GANGUR				
SLÁTTAR-TÆKI					EFTIRLÆTI LOFT-TEGUND					
LÉST			MÖKK STEFNA				FLAN ÆSINGUR			
FUGL				HLJÓM-SVEIT ELDAÐUR				ÁTT STRUNS		
TAPA						HJARTA-ÁFALL HJARA				SEINNA
		GORT STUTT RÆÐA				JURT ELDA				
NÁKOMIÐ					FYRIR-HÖFN				BOR	
ÁTT			INNYFLA FLEY				ARR	TIL ORGA		
AÐ-RAKSTUR					EITURLYF RÓMVERSK TALA					
BÓMA						FIMUR				
MÁNUÐUR						SEYTLAR				

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Beruðu sig á Grænlandi

Kærustuparið Íris Ösp Heiðrúnardóttir frá Ísafirði og Karl Ottosen Faurschou (Kaali) lögðu heldur mikið á sig í þeirri von um að hreppa ferð til Balí þegar þau tóku þátt í #éghefaldrei leiknum sem símafyrirtækið Nova stendur fyrir á Instagram þessa dagana. Parið sem er búsett í Nuuk á Grænlandi skellti sér út í frostið og beruðu þau sig til þess eins að smella af myndum til að senda inn í leikinn, en einn heppinn þátttakandi vannur 17 daga ferð fyrir tvo til indónesísku eyjunnar með ferðaskrifstofunni Útvilek.

„Kaali er frá Grænlandi og höfum við búið hér í miðbæ Nuuk í tvö ár. Við vitum fátt skemmtilegra en að ferðast og síðustu tvö sumur fórum við í gegnum 22 lönd með lest og enduðum meira að segja á því að fá okkur tattoo af lest á kálfana“ segir Íris.

Til þess að eiga möguleika á að vinna ferðina til Balí verður gjörningurinn að vera myndaður frá 18. mars – 18. apríl og fara á þeim tíma inn á Instagram ásamt merkingunni #éghefaldrei. „Við erum að flytja til Íslands í sumar og sjáum ekki fram á að geta farið í brjáláð sumarfrí. Við sáum því þarna gullið tækifæri til að gera eitthvað sem við höfum aldrei gert og það sem meira er komast í sandinn og sólina á Balí“.

Auglýst eftir tveimur læknum

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur auglýst tvær stöður lausar lækna til umsóknar. Annars vegar stöðu yfirlæknis lyflækninga á sjúkrasviði á Ísafirði og hins vegar stöðu heilsugæslulæknis á norðanverðum Vestfjörðum.

Yfirlæknir lyflækninga sinnir sjúklingum sjúkrasviðs og hjúkrunardeilda auk þess að aðstoða heilsugæslu við afmörkuð verkefni. Heilsugæslulæknir sinnir daglegri móttöku sjúklinga á Ísafirði og á minni stöðum á starfssvæði stofnunarinnar.

Lögreglan ánægð með helgina

Hátíðarhöldin á Ísafirði fóru mjög vel fram páskahelgina, að sögn Þorkels Þorkelssonar, varðstjóra hjá lögreglunni á Ísafirði.

„Það kom upp einn ölvunarakstur og einn gisti hjá okkur sökum ölvunarástands. Það er greinilegt að fólk var að skemmta sér og hafa gaman og þetta er búið að vera mjög ljúft og fólk til fyrirmyndar. Við erum mjög ánægðir með hvernig til tókst,“ segir Þorkell.

Þjónustuauglýsingar

		FLANDRA	HÁVADI	HARLA		EYBA	BÓK-STAFUR	ILLORESI
	TUNGU-MAL	F	R	A	N	S	K	A
	MEDAL	L	Y	F	ILLÆRI	Ó	Á	R
	TEYJU-DYR	A	M	A	B	A	HVAÐ	F
	MÖGL	K	U	R	R	Í RÖÐ	H	I
		K	R	FÆÐA	A	L	A	HÖFUÐ
				KVELJA				
RÆSKJA SIG	H	U	M	A	VASKA	P	V	O
				FUGL				MANNA
FOR-MÓÐIR	A	M	M	A	LJÓSHERRA	L	J	Ó
				SLABB				S
TVÉR EINS	T	T	JÄRNA	S	K	Ó	A	FATAEFNI
			HÝRA					STUNDA
SAMRÆÐA	T	A	L	SAGGI	R	A	K	I
				URÐAD				Í RÖÐ
SKJÓGRA	S	L	A	G	A	MEGIN	A	Ð
				TALA				SPIL
	V	ÖRVERPI	U	R	P	T	ÓTUNGUN	K
		KÄRNA					PRÁÐA	L
GINNA	E	G	N	A	MERÐ	Ó	T	A
								OLYRNA
FYRIR HÖND	P	R	HREKJA	F	Æ	L	A	MÓÐURLIF
			VIÐMÖT					BARDAGI
KIRKJU-LEIÐTÖGI	P	Á	F	I	DRUKKINN	F	U	L
				ÁTT				ABSTÖÐ
GLEÐI	U	N	A	Ð	S	MILSA MARKS	G	E
								I
SVERFA	R	A	S	P	A	FLAT-ORMUR	A	G
								Ð
								A

Sudoku þrautir

8		1		5			7	
7					6			
		4		2		8		
		7	8		2		4	
4				9		1	6	3
5		6	1					
6							5	
2	3			7	4		1	8
	7		9		5	4		

4	5		7	1		3		
2	1	7		8	3	9		4
6	3			4	5			2
5		4	1	3	7			6
	2	1	4		9			
			5				3	
	7	3	2			8	4	9
	6	5				1		
			3			6		

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG
JARÐAR

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Öll almenn húsmíði

HÚSAMÍÐI ehf

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB

SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG
JARÐAR

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfrætt nýtt stjórnunarlunda

..... 19,35% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

TAXFREE

DAGAR Á ÍSAFIRÐI

9.-18. APRÍL – GÆÐAVÖRUR Á BETRA VERÐI

– EKKI MISSA AF ÞESSU –

REYNIR heilsurúm

Reynir heilsurúm með Classic botni

STÆRÐ	FULLT VERÐ	TAXFREE VERÐ
120x200	119.900 kr.	96.634 kr.
140x200	139.900 kr.	112.823 kr.
160x200	169.900 kr.	137.016 kr.
180x200	190.900 kr.	153.952 kr.

Aukahlutir á mynd: Gafl og ferkantaðar állappir.

SPECIALLY MADE FOR BETRA BAK BY



REYNIR
120X200 cm
96.634
FULLT VERÐ:
119.900

**TAX
FREE**



KATO

HORNSÓFI MEÐ TUNGU



Stærð: 298 x 230/160 H 88 cm. Slitsterkt dökk-grátt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Höfuðpúðar ekki innfaldir í verði.

AÐEINS
KRÓNUR
282.250
FULLT VERÐ:
349.990

**TAX
FREE**



Leggur grunn að góðum degi

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. fermingartilboð

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga kl. 12⁰⁰-18⁰⁰
og laugardaga kl 11⁰⁰-13⁰⁰